

## L Ö G

118

8. des.

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og falla samtímis úr gildi lög nr. 107 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1947.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

## L Ö G

119

22. des.

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir 1 og 2 krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó 1 og 2 krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga, og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskráðu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*